

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

www.dominos.is sími 58·12345



Nettilboð Domino's

50%

AFSLÁTTUR AF SÓTTUM PÖNTUNUM

Ef pantað er á
netinu 16.-22. apríl

Gildir ekki með
öðrum tilboðum

**PANTADU
Á NETINU Í
RÓ OG NÆÐI!**



PTON/ISA

100

Það skyldi þó aldrei frysta á sumardaginn fyrsta

**ÞAU ERU ALLTÖF SEIN
Í SMS-KOSNINGUNNI**



SKÓLARNIR SEM KEPPA

Fjölbrotaskóli Suðurlands
Fjölbrotaskólinn í Breiðholti
Framhaldsskólinn á Húsavík
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Kvennaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn í Kópavogi
Menntaskólinn á Ísafirði
Menntaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn við Hamrahlöð
Tækniskólinn
Verkmenntaskólinn á Akureyri
Verzlunarskóli Íslands
Miðasala fer fram á www.dilar.is

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

FYRIR ÆVIN- TÝRABÝRSTA NÁMSMENN

Ef þig langar að stunda nám erlendis, opna nýjar víddir, nýja atvinnuöguleika og tengslanet, er þetta klárlega eitthvað fyrir þig. Þann 24. apríl verða dönsku skólarnir **NOMA** og **IBA** að kynna námsleiðir sínar á Radisson Blu Hótel Saga, Hagatorgi klukkan 16.30 og 17.30. Skólarnir eru staðsettir í Kolding þar sem stutt er í allar áttir í Evrópu. Íslenskir nemendur skólanna hafa haft orð á góðri veðursæld í Danmörku, nýjum vinaböndum sem oft myndast ytra og þá finnst þeim stór plús að í Danmörku séu engin skólagjöld. Margir hverjir geta jafnvel lifað á námslánunum einum saman. Námið fer fram í mjög alþjóðlegu umhverfi og fer allt námsefni fram á ensku. Allir sem hafa áhuga á því að upplifa ný ævintýri samhliða því að fá góða menntun ættu því að leggja leið sína í Vesturbæinn á þriðjudaginn kemur.



FYRIR HÚMORISTA

Smáforritið **Funny Mirrors** er eitthvað sem allir geta haft gaman af. Í forritinu er að finna myndavélar sem breyta útliti manns á skemmtilegan hátt og þá breytist röddin einnig svo að útkoman verður yfirleitt ansi skrautleg. Forritið er kjörið til að senda skemmtilega kveðju á félagana eða bara til að skemmta sjálfum sér ef manni leiðist.

Vikan á facebook



Greta Salóme
just finished signing a record deal with SENA :) Extremely excited!!!
18. apríl kl. 15:14



Valdimar Gudmundsson
Mest fokking hardcore bílnúmer sem ég hef séð? RIP 666.
17. apríl kl. 23:44



Ingólfur Þórarinnsson
Litla flugan þvílíkur hittari að það hálfa væri nóg
15. apríl kl. 22:15



Marta María Jónasdóttir
er á þeirri skoðun að það sé mun skemmtilegra að vera 35 ára en 25 ára. Ef þetta heldur svona áfram get ég ekki beðið eftir að verða 45 ára!
15. apríl kl. 18:07



Sverrir Bergmann Magnússon
Fíflíð sem stal hattinum mínum í gær má endilega skila honum
15. apríl kl. 14:46

Villi kletturinn en Gunna Dís grasið

Gunna Dís og Villi naglbítur eiga fyrir höndum hið erfiða verkefni að kynna Söngkeppni framhaldsskólanna sem fram fer í Vodafone-höllinni á laugardag.

Á laugardaginn fer fram úrslitakeppni í Söngkeppni framhaldsskólanna en í gær var ljóst hvaða tólf skólar munu keppa til úrslita. Í ár munu þau Gunna Dís og Villi naglbítur sjá um að kynna keppendur á sviði í Vodafone-höllinni. Villi var nýlega kynnr á Íslensku tónlistarverðlaunum en Gunna Dís býr ekki yfir jafn mikilli reynslu. „Hann stóð sig náttúrulega þrusu vel, hef ég heyrt. Hann er nýbúinn að kynna og er því sterkari í að standa uppi á sviði á meðan ég er ferskari þar sem ég hef verið minna í hlutverki kynnis,” segir Gunna Dís hvergi bangin. „Ég fæ borgað fyrir að tala við fólk, kynna tónlist og listamenn og annað slíkt á hverjum einasta virka degi svo ég ætti að geta ráðið mig fram úr þessu. En ég hugsa að Villi taki Mugison á þetta og verði kletturinn á meðan að ég verð meira grasið sem sprettur að vori til.“

Söngkeppni framhaldsskólanna hefur verið haldin síðan árið 1990 og hafa mörg þekkt andlit stigið sín fyrstu skref í keppninni. Gunna Dís segist sjálf alltaf hafa dreymt um að komast í úrslitakeppnina en fékk þó aldrei að upplifa drauminn. „Ég hef tvisvar tekið þátt í undankeppni fyrir

söngvakeppni framhaldsskólanna. Ég var í VMA í eitt ár og tók fyrst þátt í keppninni þar. Síðan fór ég yfir í MA og tók þátt á lokaárinu mínu þar. Ég söng Son of a Preacher Man og svo Lean On Me sem Michael Bolton gerði ódauðlegt. Ég tók þetta alla leið og það var kór og læti en ég fór því miður ekki alla leið. Ég var í öðru sæti í bæði skiptin og náði því ekki að upplifa æskudrauminn.“

Fyrirkomulag keppinnar í ár er með breyttu sniði en mögulegt var að sjá öll atriðin á mbl.is og fór forvalið fram með sms-kosningu. Það verða því einungis 12 skólar með sinn fulltrúa í beinu útsendingunni á RÚV næsta laugardagskvöld. „Við erum að breytast sem neytendur og ég held að þetta fyrirkomulag henti fólki betur. Fólk vill geta farið á netið og séð svona hluti þar. Svo vill það bara fá þetta, léttu og stutta útsendingu þar sem einhver lög eru að keppa í beinni í sjónvarpi,” segir Gunna Dís. „Ég er mjög ánægð með nýja fyrirkomulagið. Mörgum er brugðið en ég held að þetta sé komið til að vera. Það tekur tíma að venjast öllum breytingum en ég vona að þetta verði flott.“

Mynd/Styrmir

FEITAST Í BLAÐINU

4 Heimur tískunnar fer í endalausa hringi. **Stíllinn** tók saman nokkur góð dæmi.



6 Nítján keppendur keppa í hæfileikum annað kvöld í **Hæfileika-keppni Íslands**.



8 Krummi Björgvins er með mörg járn í eldinum og gefur út tvær plötur á árinu.



14 Matti Vill tróð ís í smettið á kærustunni á fyrsta stefnu-móti þeirra.



Efst í huga Monitor

Gleðilegt sumar

Þældu í því hvað það er ótrúlega skemmtilegt að sumarið komi alltaf aftur. Það er svo ótrúlega

mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að hafa þessa hugsun á bak við eyrað á meðan að kuldabollinn bítur okkur því að þetta heldur okkur bjartsýnum og jákvæðum í gegnum veturinn. Og viti menn, í dag er sumarið komið.

Sumarið er svo dásamlegt af því að þá eru allir í góðu skapi, fólk fer að grilla og hoppar í sund á ótrúlegustu tímum. Fólk gerist jafnvel svo djarft að hoppa út í ísbúð að kvöldi til á stuttermabolnum til að fá sér einn ís með dýfu eða einn ljúfan bragðaref.



Gleðilegt sumar, Jón Ragnar

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) **Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Þórhildur Þorkelsdóttir (thorhildur@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Árni Sæberg **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136



RIHANNA
ÁRIÐ 2009.



**STEINÞVEGNAR
GALLABUXUR**

Steinþvegnar gallabuxur voru eití-trend sem tískuspekúlantar bölvuðu lengi í sand og ösku. Um aldamótin komu þær aftur, og þá þótti flott að hafa þær enn ýktari en áður, steinþvegnar og rifnar. Síðan þá hafa þær látið sjá sig í ýmsum útfærslum.



ÞAÐ GERIST
EKKI MEIRA
90'S EN ÞETTA.



NANETTE LEPORE
VOR OG SUMAR
2012 Á TÍSKUVIKU
Í NEW YORK.

NEONLITIR

Árið 1990 gengu hipsterar um göturnar í neonlitum frá toppi til tótar. Litirnir hafa þótt einstaklega óklæðilegir í gegnum tíðina en koma alltaf reglulega í tísku og verða m.a. vinsælir í sumar.



SPICE GIRLS ÞEGAR ÞÆR
VORU UPP Á SITT BESTA.

**BUFFALÓ-
SKÓR**

Buffaló-skómir eru líklega eitt eftirminnilegasta tískufyrirbæri fyrr og síðar. Spice Girls gerðu þá að æði, en margir hlógu að þeim seinna meir. Skóhönnuðurinn Jeffrey Campbell hóf svo að gera sínar útfærslur á skónum á síðasta ári og í dag er buffaló-sniðið, einnig þekkt sem platform, eitt af vinsælustu skóttrendunum.



PLATFORM-STRIGASKÓR FRÁ
JEFFREY CAMPBELL 2012.

**Tískutrendin
sem þú hélst að
kæmu aldrei aftur**

Heimur tískunnar fer í endalaus hringi. Það sem þykir flott í dag er orðið hörmung á morgun og gömul tískufyrirbæri snúa aftur í ýms-um myndum. Það hreinlega skiptir ekki máli hvaða trend um ræðir, maður á aldrei að segja aldrei. Stíllinn tók saman nokkur góð dæmi.



MICHELLE OBAMA
SÉST OFTAR EN EKKI
Í KETTLINGAHÆLUM.

**BERT
Á MILLI**

Madonna og Britney Spears gerðu bert á milli-trendið vinsælt á gullskíði lágra gallabuxna og naflahringja. Fólk talaði um að þetta væri eitt ósmekkleigasta trend fyrr og síðar, en það sneri svo sannarlega aftur síðasta sumar og er aðalmálið í dag.

**DENIM OF
DENIM**


Að vera í gallaflik við aðra gallaflik hefur verið einn helsti glæpur tískubransans síðan trendið kom fram um 1970. Vorið 2010 lét það hins vegar aftur á sér kræla og þykir enn mjög flott.

**KITTEN
HEELS**

Sagan segir að kettlingahælarnir hafi orðið til sem aðferð til að kenna ungum stúlkum að byrja að ganga í hælum. Þeir hafa þótt bæði tilgangslausir og ljótir en viti menn, þeir koma alltaf aftur í tísku. Allt frá Audrey Hepburn til Michelle Obama.



HINN KLASSÍSKI
KITTEN HEEL.



BRITNEY SPEARS LÉT
SJALDAN SJÁ SIG ÁN
ÞESS AÐ VERA MEÐ
BERT Á MILLI.



GOSSIP GIRL-STJARNAN
LEIGHTON MEESTER TÓK SIG VEL
ÚT Á TÍSKUVIKUNNI Í FEBRÚAR.



DENIM ON DENIM 2:
VOR- OG SUMA-
LÍNA CHLOÉ 2010.



EITT MESTA TÍSKUSLYS
SEM SÖGUR FARA AF
HJÁ BRITNEY OG JUSTIN
TIMBERLAKE. SKELFILEGT!

For more information call 354 5115500

DIESEL[®]
FOR SUCCESSFUL LIVING



PORTRAITS FOR SUCCESSFUL LIVING. DISCOVER MORE AT DIESEL.COM



MARGRÉT SAGA GUNNARS-DÓTTIR

17 ára frá Akranesi

Syngur lagið Angel

Fyrirmyndir Margrétar eru foreldrar hennar og söngkonan Adele. Hún hefur mikinn áhuga á söng, leiklist og að semja tónlist. Margrét er metnaðarfull og er dauðhrædd við köngulær og sjúkrahús.



BJARNI ÁRNASON

21 árs úr Reykjavík

Sýnir sirkuskunstir

Þessi hamingjusami ungi maður hefur mikinn áhuga á sirkus, bíómyndum, bakstri, mat og útiveru og uppáhaldsmaturinn er makkarónuréttur úr smíðju móður hans. Bjarna leiðist afskaplega að moka snjó og það sem hann hræðist mest er að enda sem alkohólisti í ræsinu, einn og yfirgefinn.

Hæfileika-keppnin heldur áfram

Monitor kynnti sér keppendur í Hæfileika-keppni Íslands sem heldur áfram annað kvöld.



ARON BIRKIR ÓSKARSSON

20 ára frá Dalvík

Syngur og spilar frumsamið lag

Draumur Arons er að geta unnið við og lifað af annað hvort leiklist eða söng sem á hug hans allan. Aron er búinn að lofa vini sínum að bjóða honum til útlanda ef hann vinnur milljónina og svo ætlar hann að kaupa eitthvað fallegt handa mömmu sinni fyrir afganginn.



SÖNGHÓPURINN MR. NORRINGTON

Bjarni Daníel Þorvaldsson, Jökull Gunnarsson, Hjörtur Páll Eggertsson og Hrafn Bogdan S. Haraldsson.

14-15 ára úr Reykjavík

Syngja án undirspils

Þessir fræknu strákar eru allir í Drengjakór Reykjavíkur og eru kontratenórar. Bjarni Daníel er hrifinn af öllum mat sem tengist jólnum, Hrafn og Hjörtur fíla mexíkóska matseld en uppáhaldsmatur Jökuls eru sniglar.



RUBÍN POLLOCK

21 árs úr Reykjavík

Spilar frumsamið lag, Optímystic, á gítar

Robin er mikill áhugamaður um tónlist og uppáhaldsmaturinn hans er humar. Hann telur sinn besta kost vera að hann lyktar vel og það leiðinlegasta sem hann gerir er að vakna á morgnana.



MARLON POLLOCK

30 ára úr Reykjavík

Rappar

Listamaðurinn Marlon hefur húmorinn að vopni og það fyndnasta sem hann hefur lent í er lífið sjálft. Áhugamál hans eru tónlist, myndlist, ferðalög og matseld og hann vill verða hamingjusamur og ríkur.



EYRÚN EÐVALDSDÓTTIR

23 ára úr Kópavogi

Syngur

Eyrún er sjúkraliðanemi og hennar helstu kostir eru sönghæfileikarnir ásamt því að vera frek og ákveðin. Eyrún hefur mestan áhuga á tónlist, samveru með fjölskyldu og vinum og hreyfingu en hún lenti eitt sinn í fyndu atviki í ræktinni. „Ég kýldi sjálfa mig á body combat-æfingu og ég held að ég hafi rotast þínu,“ segir Kópavogsmærin Eyrún.




KATRÍN ÓSK STEFÁNS-DÓTTIR

14 ára úr Hafnarfirði

Syngur og spilar á gítar

Katrín Ósk hefur mest gaman af gítar og söng en það leiðinlegasta sem hún gerir er að setja í uppþvottavélina og taka úr henni. Katrín Ósk er traust og jákvæð og fyrirmyndir hennar eru Jón Jónsson og Adele.




STEB- STEFÁN V. GUÐJÓNSSON

17 ára frá Kjalarnesi

Spilar frumsamið lag, Boundary of Life, á gítar

Stefán telur sinn besta kost vera að hann spilar á gítar sem er ekki ónýtt þegar gítarspil er eitt helsta áhugamálið. Uppáhaldsmaturinn hans er purusteik að hætti pabba hans og honum þykir afskaplega leiðinlegt að taka til.



EYÞÓR ÓLAFSSON

11 ára úr Reykjavík

Heldur boltum á lofti með fótunum

Helsta áhugamál Eyþórs er fótbolti og hann heldur með Fylki og Liverpool. Eyþór dreymir um að verða atvinnumaður í fótbolta, hann er dauðhræddur við drauga, finnst leiðinlegt að taka til og það fyndnasta sem hann hefur lent í var þegar hann borðaði óvart eyrnapiña.



ROKKHLJÓMSVEITIN MEISTARAR DAUÐANS

8-12 ára úr Reykjavík og Kópavogi

Spila 90 sekúndna lagasyrpu

Bræðurnir Áspór og Þórarinn búa í Hlíðunum en Albert er úr Kópavogi og saman mynda þremmingarnir rokkhljómsveitina Meistarar dauðans. Allir þrjú hafa þeir áhuga á tónlist en bræðurnir æfa báðir júdo og meðal áhugamála Alberts er klifur og dýr.



ANÍTA ÞÓRSDÓTTIR

24 ára úr Reykjavík

Syngur House of the Rising Sun

„Ég valdi House Of The Rising Sun því mér finnst það vera svo flott lag. Ég man eftir því frá því að ég var lítil og það hentar röddinni minni vel,“ segir Vesturbæingurinn Aníta sem er að læra söng í Söngskólanum í Reykjavík. Aníta er hress og skemmtileg og draumur hennar er að vinna við tónlist í framtíðinni.



RUBIK'S SCHOLAE – GUÐMUNDUR GARÐAR ÁRNASON

16 ára úr Mosfellsbæ

Leysir töfratening standandi á höndum

Það fyndnasta sem Guðmundur hefur lent í var þegar hann hljóp eitt sinn á bíl. Það sem honum leiðist mest eru dönskutímar og hann er dauðhræddur við Skarphéðin efnafræðikennara. Hans helsti kostur er að vera hæfileikaríkur og hann kveðst lifa fyrir gagnrýni.



DANSHÓPURINN SWAGGERIFIC

16-23 ára úr Reykjavík og Kópavogi

Dansa hip-hop

Þessi föngulegi hópur kann að hreyfa sig en aðaláhugamál þeirra allra er dans. Jún stefnir á að stofna dansskóla í framtíðinni. Helsti kostur Richie er að hann er alltaf hann sjálfur og fyrirmynd hans er fjölskyldan. Neil finnst leiðinlegt að læra undir próf. Keith elskar allar Rush Hour-myndirnar. Lelítu Rós langar út í heim að læra nýja takta.



SÖNGHÓPURINN SVANA & ÍSOLD

Svanfríður Hlín Gunnarsdóttir og Ísold Guðlaugsdóttir

21 og 22 ára úr Reykjavík

Syngja dúett

Svanfríður og Ísold mynda dúettinn Svana & Ísold og tónlistin á hug þeirra allan. Þær eru jákvæðar og bjartsýnar og hefðu ekkert á móti því að lifa á tónlist sinni.



ÍRIS ANDRÉSDÓTTIR

16 ára frá Kópavogi

Syngur frumsamið lag

Íris er einstaklega fjölhæf. Hún syngur, spilar á píanó, flautu, orgel, hljómborð, ukulele og gítar. Íris á það til að ruglast í rigningu og fór eitt sinn inn í rangan bíl þegar hún hljóp ásamt mömmu sinni og systur undan rigningu og skildu þær mæðgur ekkert í því af hverju bílinn fór ekki í gang. Það gerði þó ekkert til – þær hlógu bara!



VIKTORÍA RÚN ÞÓRSTEINSDÓTTIR

14 ára frá Vestmannaeyjum

Syngur og spilar á gítar

Eyjameyjan Viktoría hefur mikinn áhuga á tónlist og leiklist og heldur að sjálfsögðu með ÍBV. Hún er jákvæð, samvissusöm og dipló og fyrirmyndir hennar eru Alexander Jarl og Taylor Swift.



ARNAR ORRI ARNARSSON

19 ára frá Reykjavík

Sýnir parkour-kúnstir

Arnar er forfallinn áhugamaður um parkour sem myndi flokkast sem fimleikar, dans og hlaup allt í einu. Parkour gengur út á að nota borgarmyndina, svo sem stytur, veggi og handrið til þess að stökkva fram af, taka kollhnis og gera önnur brögð í loftinu. Hann mun bjóða íslensku þjóðinni upp á slíkt atriði á föstudaginn.



INGIBJÖRG IÐA AUÐUNARDÓTTIR

11 ára úr Garðabæ

Syngur Adele-lagið Someone Like You

Þessi unga söngkona er alltaf glöð og kát en leiðist afskaplega að bíða. Hún er mikið fyrir tónlist og hesta en það sem hræðir hana mest í lífinu eru hákarlar. Ingibjörg stefnir á að verða betri söngkona og fyrirmynd hennar er frænka hennar, Þórunn Þöll.



viðtalið

Óttast ekki heimsendi

Krummi Björgvins segist ekki jafnvilltur rokkari í dag og fyrir áratug. **Monitor** ræddi við rokkarann um dúettinn Legend, rokklífsemið alræmda, heimsendi og allt þar á milli.

Texti: Einar Lövdahl
Myndir: Árni Sæberg

einar@monitor.is
saeberg@mbl.is

Núna kem ég allt öðruvísi að því að spila á tónleikum heldur en þegar ég var um títugt. Þá fannst mér og okkur strákunum gaman að taka því létt og vera ungir, villtir og svolítið klinkaðir. Við lifðum lífinu til fullnustu, það var mikið partístand á okkur á þessum tíma en svo snerum við blaðinu við og það tímabil er búið,“ segir Krummi Björgvinsson, eða Oddur Hrafn Stefán Björgvinsson líkt og hann er skráður í Þjóðskrá. Líklega þekkja hann þó flestir undir nafninu Krummi í Mínus en hann hefur farið fyrir þeirri rokksvit frá menntaskólaaldri. Ásamt því að rokka allt í tætlur sem Mínusmaður sinnir Krummi öðrum tónlistarverkefnum en nýjasta afsprengi sköpunargleði hans er platan Fearless með raðúettinum Legend. Áhugasömum er bent á að hljómsveitin treður upp á Hressó í kvöld á styrktartónleikum gogoyoko fyrir Samhjálp.

Þegar harðkjamarokkari er með gips á hendi, liggur þá ekki beinast við að spyrja hann hvort hann hafi lent í slagsmálum?

Nei, ég lendi aldrei í slagsmálum og er mikill friðarsinni. Ég slasaði mig með því að vera klaufi. Ég var að hliðra hátalara til og klemmdi höndina einhvern veginn á milli hátalarans og veggjarins. Ég bólgnaði strax upp en vissi ekki að ég væri brotinn og fór ekki til læknis fyrr en fjórum dögum seinna. Ég var í einhverri afneitun eða bara þrjóskur en gafst upp á því þegar höndin var orðin blá og kringlótt. Þetta eru guðsgafflamir, þeir verða að vera í lagi.

Hvernig svarar altattúeraður maður hinni dæmigerðu spurningu: „Ætlar þú að vera allur tattúeraður þegar þú ert orðinn gamall og krumpaður?“

Ég meina, ég á ekki annarra kosta vól, ég get ekki farið að taka þau öll af. Þessi spurning fer ekkert í taugarnar á mér, ég skil mjög vel að fólk sem þekkir ekki húðflúrmeningu eða lífstíl þæli í þessu. Hins vegar finnst mér sérstaklega fallett að sjá eldra fólk sem er litríkt og skreytt eftir sína ævi, þetta er eins og dagbók ævi þeirra.

Hugsaðir þú strax sem lítill strákur að dag einn skyldir þú fá þér húðflúr?

Ég fékk mér mitt fyrsta tattú þegar ég var sextán ára. Ég fékk það í afmælisgjöf frá mömmu og pabba. Eftir það gat ég ekki hætt og svo eignaðist ég vini sem voru húðflúrlistamenn þannig að sú menning var mikið í kringum mig og það vatt upp á sig. Ég man þegar ég skoðaði tattúíð hans afa þegar ég var lítill, hann var með svölu húðflúraða á handlegginn sinn vegna þess að amma mín heitir Svala rétt eins

og systir mín. Þegar hann hreyfði úlniðinn þá vaggði svalan vængjunum og ég var alveg með stjórnur í augunum þegar ég fylgdist með þessu. Ég man eftir því að hafa hugsað sem svona fimm ára strákur þegar ég sá þetta: „Ég ætla að fá mér helling af tattúum þegar ég verð stór.“ Það hefur sennilega borast inn í undirmeðvitundina og síðan brotist út þegar hormón-aflæðið og unglíngaveikin komu til sögunnar.

Hvernig krakki varst þú?

Ég var svolítið villtur krakki. Mér fannst gaman að grínast en var líka svolítill frekja og með dálítinn kjaft. Mér fannst gífurlega gaman að vera úti að leika mér, skita mig allan út og mér fannst gaman að vaða út í sjó. Ég safnaði oft alls kyns sjávardýrum úr fjörunni í bala heima hjá mér. Það má líklega segja að ég hafi verið góður villingur, eða svo hefur mér verið sagt.

Hvenær vissir þú að braut tónlistar væri sú slóð sem þú vildir feta?

Ég var alltaf mjög hrifinn af list og þá sérstaklega myndlist og tónlist. Ég elskaði að teikna þegar ég var lítill og gerði ekkert annað. Mig langaði rosalega að helga líf mitt myndlist eða tónlist. Ég sá að ég var ekki alveg með þolinmæðina í að verða myndlistarmaður, þótt ég teikni reyndar og máli enn í dag bara fyrir sjálfan mig. Ég man enn eftir því þegar ég fór með pabba í stúdíó sem lítill gutti og hékk þar á meðan hann var að taka upp og ég fann að þar voru einhverjir galdrar í loftinu sem mig langaði að starfa í kringum. Fljótlega fór ég að leika mér með gítara, hljómborð, míkrofóna og alls konar effekta og þá vissi ég alveg að þetta væri eitthvað sem ég myndi gera við líf mitt, að vera listamaður. Þegar maður varð eldri eignaðist maður vini sem höfðu líka áhuga á tónlist og þá varð til hljómsveit og þannig vatt þetta upp á sig.

Það má sem sagt gefa sér að þú hafir fengið tónlistarlegt uppeldi?

Það var auðvitað mikið hlustað á tónlist heima svo ég hef verið tónlistarunnandi frá blautu barnsbeini og ég fékk tónlistarlegt uppeldi frá föður mínum þó svo að hann hafi ekki verið neitt sérstaklega hrifinn af því að ég færi út í tónlistarbransann. Það var vegna þess að það er erfitt að vera tónlistarmaður í heiminum í dag, nema að þú sért á réttum stað á réttum tíma og verðir voðalega ríkur, þó svo að ég sé auðvitað ekki að sækjast eftir neinu svoleiðis í listinni minni. Ég sækist bara eftir því að meika það hjá sjálfum mér. Þetta er ástríða, þetta er það sem gerir mig hamingjusaman og ég fæ engu um það ráðið.

Verandi sonur Björgvins Halldórssonar, finnst þér þú alltaf hafa fengið svigrúm til að þroska þig sem tónlistarmaður?

Það að vera sonur föður míns hefur haft það í för með sér að ég hef stundum þurft að leggja miklu harðar að mér en aðrir til að sanna að ég sé sjálfstæður einstaklingur, sjálfstæður listamaður og að ég hafi gert þetta allt upp á eigin spýtur. Fyrir vikið hef ég gert meiri kröfur til sjálfs mín og það hefur gert mig að betri manneskju og betri listamanni. Ég stend og fell með öllu sem ég geri. Allt saman hefur þetta verið

mikill drifkraftur fyrir mig, sem ég er þakklátur fyrir og ég er afar stoltur af því að vera sonur föður míns.

Á þínum yngri árum byrjaðir þú sem trommari. Hvað varð til þess að þú færðir þig yfir í frontmann?

Þegar ég var yngri lágu hljóðfæri úti um allt heimilið mitt sem ég var alltaf að leika mér með og fyrsta hljóðfærið sem ég varð ástfanginn af var trommuset. Ég var sem sagt trommari í minni fyrstu hljómsveit og lærði meira að segja í FÍH í einn vetur. Ég flaði það í botn að vera trommuleikari í hljómsveit en hins vegar fannst mér ég ekki ná að tjá mig alveg nógu vel í þeirri stöðu. Mér fannst eins og það væri fleira inni í mér sem mig langaði að tjá og fann fyrir því að þegar ég söng að það var tjáning sem hentaði mér betur til að koma tilfinningum á framfæri. Þess vegna færði ég mig yfir í sönginn og strákarnir sem ég var þá með í hljómsveit studdu mig í því. Það gekk vel upp og það var í raun eins og þetta væru einhvers konar örlög mín. Röddin er hljóðfærið sem er inni í þér og þú ert einhvern veginn berskjaldaður og það er það sem ég kann best að meta.

Nú ert þú helmingur dúettsins Legend sem var að senda frá sér sína fyrstu plötu, Fearless. Þarf maður ekki að hafa ansi mikla trú á einhverju verkefni til að kalla það þessu nafni, Legend?

Það er misskilningur (hlær). Við köllum hljómsveitina ekki Legend vegna þess að við lítum á okkur sem „legend“. Nafnið er bara svo kröftugt, „goðsögn“. Okkur fannst þetta bara nafn sem fer vel saman við epíska texta og epíska tónlistina. Aðallega spratt þetta samt upp frá því að ég er rosalega mikill aðdáandi fantasíu-myndarinnar Legend frá 1985 sem Ridley Scott gerði. Útlit þeirrar myndar og það hvað ævintýrið er yfirdrífð höfðar svo vel til mín. Okkur fannst þetta viðeigandi nafn á hljómsveit en það er alls enginn hégómi í gangi.

Þú ert sennilega þekktastur fyrir að spila þungt rokk en tónlist Legend er af rafrænni toga. Er ekkert mál að skiptast á að spila þungt rokk og raftónlist?

Nei, því það má segja að Legend spili rafrænt iðnaðarrokk. Í sjálfu sér er sú tónlist alveg jafn aggressif og melódísk og rokkið en bara spiluð með hljómborði og raftækjum. Hún er í raun bara á hinum endanum á sama pólnum. Munurinn felst kannski frekar í því að vera bara að vinna með einum öðrum einstaklingi á tölvur í staðinn fyrir að vera inni í æfingahúsnæði með fimm öðrum einstaklingum en þetta er bæði jafn gaman. Ég get reyndar sagt þér að fyrsta hljómsveitin sem ég byrjaði í var „rave-hljómsveit“ þegar ég var 14-15 ára og hét Impulse. Við spiluðum svona „hardcore“ raftónlist, 180 slög á mínútu.

Þú talar um epíska texta hjá Legend. Hvaða sögur eruð þið að segja í textunum ykkar?

Við tölum um það hvernig umhverfið, borgin sem þú býrð í, hefur áhrif á þig, við tölum um náttúruhamfarir, stríð, losta, fjölskyldu og ástvini. Við tölum líka um sjálfsvíg en við erum búnir að missa marga vini síðastliðin árin sem hafa framið sjálfsvíg. Við

KRUMMI Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 290879.

Upphaldsmatur: Mér finnst indverskur matur algjört lostæti, skiptir nánast ekki máli hvaða réttur það er.

Upphaldsstaður í heiminum: Heima í Reykjavík.

Upphaldstónlistarmaður: Michael Gira, forspráki hljómsveitarinnar Swans.



Upphaldshúflúr: Ég er með lítið hjarta á vísifingri sem ég held mest upp á.



Upphaldskvikmynd: One Flew Over the Cuckoo's Nest.

Æskuátrúnaðargoð: Ég elskaði Jerry Lee Lewis þegar ég var lítill.



1979 Fæðist þann 29. ágúst.

Elst upp í Hafnarfirði og á Seltjarnarnesi og gengur meðal annars í Lækjarskóla, Mýrarhússkóla og Landakotskóla.

1999 Vinnur Músíktilraunir með hljómsveit sinni, Mínus, og er jafnframt útnefndur besti söngvarinn. Sama ár kemur fyrsta plata hljómsveitarinnar, Hey, Johnny! út.

2004 Platan Halldór Laxness með Mínus er útnefnd plata ársins á íslensku tónlistarverðlaunum.

2004-2007 Mínus útar vítt og breitt um Evrópu og Bandaríkinn.



2007 Stofnar hljómsveitina Esju með Daniel Ágústi og gefur út samnefnda plötu.

2008 Fer með hlutverk Jesú Krists í uppsetningu Borgarleikhússins af Jesus Christ Superstar.



2012 Gefur út plötuna Fearless með Legend.



2012 Þrýðir forsiðu Monitor þann 19. apríl

förum í hina ýmsu vinkla lífsins sem við þurfum að kljást við.

Mínus kom, sá og sigraði Músíktílaunir rétt fyrir síðastliðin aldamót, vorið 1999. Manst þú eftir úrslitakvöldinu, stemningunni þar og tilfinningunni sem fylgdi því að vinna keppnina?

Já, það var yndisleg upplifun. Ég fór oft á Músíktílaunir þegar ég var yngri og sá þá hljómsveitir eins og Botnleðju, Maus, Stjörnuvísa og Kolrössu krókríðandi vinna. Ég leit gífurlega upp til þessara hljómsveita og minn draumur upp frá því var að taka þátt og vinna Músíktílaunir. Það var mikill metnaður í Mínus fyrir að koma og vinna keppnina. Við komumst í úrslit en ívar bassaleikari braut reyndar á sér höndina og þurfti þá að spila á úrslitunum handabrotinn. Við vorum sjúklega stressaðir en spiluðum vel og ótrúlegt en satt vann Bjössi sem besti trommuleikarinn og ég sem besti söngvarinn, jafnvel þótt ég hafi í raun ekkert verið að syngja, ég var bara að öskra eða syngja pönk. Það var mjög skemmtilegt að fá viðurkenningu fyrir það, svona hafði í raun enginn sungið í þessari keppni. Við vorum í skýjunum og höfum eiginlega ekkert hætt að ýta bandinu áfram síðan þá. Þetta gerði mikið fyrir okkur og við erum þakklátir fyrir það.

... þetta „sex, drugs and rock and roll“ er hálfgerð rugl þó svo að maður fái aldrei nóg af rokki og kynlíf sé mjög gott.

Hljómsveitin hefur síðan þá gefið út fjórar breiðskífur og er von á þeirri fimmtu á árinu. Platan Halldór Laxness flaug hátt og fékk til dæmis fantagóða dóma í blöðum eins og Kerrang!, NME og Independent. Tókst þér að láta svona lofsöng ekki stíga þér til höfuðs?

Upp frá þessu öllu saman byrjuðum við svolítið að lifa þessum lífsstíl sem fylgir því að vera í rokkhljómsveit og ferðast um allan heim til að spila á tónleikum. Þú breytist í nettan sígaunaferðalang og það getur haft áhrif á þig. Þú ert aldrei með sama fólkinu, fólk byrjar að hafa miklar mætur á þér og það er talað við þig eins og þú sért einhver „míní-rokkguð“, sem er náttúrulega fátíðlegt. Fyrir vikið kom fyrir að maður var svolítið góður með sig og við vorum ungir, inni í okkur bjó reiði svo við vorum oft með svolítið „attitúð“ á þessum tíma. Fyrst og fremst vorum við samt listamenn og tónlistin gekk alltaf fyrir.

Eftir útgáfu þeirrar plötu túruðu þið meðal annars um England og Þýskaland. Mér er sagt að þar hafið þið skilið eftir ykkur sviðna jörð og séuð ekki velkomnir þangað aftur. Voruð þið að rústa hótélherbergjum og kveikja í?

Veistu það, það var eitt hótélherbergi sem fór alveg í mola en það var ekki beint viljandi gert. Aðallega voru miklar tilfinningar í gangi á þessu tiltekna kvöldi. Við vorum allir að rífast, allir búnir að fá nóg hver af öðrum og einhver fleygði einhverju dóti sem varð til þess að eitthvað ljós brotnaði og vegna þess fór allt rafmagn af herberginu. Þá fór loftræstingin svo það fór að myndast ótrúlega vond lykt í herberginu af því að við þröstur bassaleikari vorum alltaf í leðurbuxum sem við fórum aldrei úr og þrifum aldrei önnur fót af okkur. Þessi lykt var víst föst í herberginu vel á eftir, hótelið var ekki sátt við það (hlær).

Hversu vel á frasinn „sex, drugs and rock & roll“ við?

Ég veit það ekki, hann á ekki við allar hljómsveitir. Sumar hljómsveitir vilja bara fá sér kaffi, spila rokkið og fara síðan heim að horfa á vídjó. Það finnst mér í lagi og þannig geri ég það í dag, núna kem ég allt öðruvísi að því að spila á tónleikum heldur en þegar ég var um títugt. Þá fannst mér og okkur strákunum gaman að taka því létt og vera ungir, villtir og svolítið klikkaðir. Við lifðum lífinu til fullnustu, það var mikið partístand á okkur á þessum tíma en svo snerum við blaðinu við og það tímabil er búið. Núna erum við eldri, búnir að læra mikið af þessu öllu saman og vitum að þegar öllu er á botninn hvolft þá er sú nálgun ekki málið. Það á ekkert að gera þetta allt saman, þetta „sex, drugs and rock and roll“ er hálfgerð rugl þó svo að maður fái aldrei nóg af rokki og kynlíf sé mjög gott.

Hvert er eftirminnilegasta gíggið á ævintýrum Mínuss til þessa?

Það er mér rosalega ofarlega í huga þegar við opnuðum stóra sviðið á Reading fyrir framan 30.000 manns eða eitthvað svoleiðis. Þá vorum við búnir að vera á stanslausum túr í nokkra mánuði og vorum í rosalega góðu formi tónlistar- og líkamlega. Við komum þarna fram og slógum alveg í gegn og það er svo eftirminnilegt vegna umhverfisins. Við vorum keyrðir að sviðinu á golfbíl og það var alveg surrealistískt að sjá allt fólkið og sjá sviðið á Reading og fatta að maður væri að fara að

upplifa eitthvað sem mann hafði dreymt síðan maður horfði sjálfur á stórar hljómsveitir stíga á stökk á tónlistarhátíðum. Þetta var meiriháttar upplifun og viss áfangi.

Síðan eru allir okkar tónleikar í Norðurkjallara MH eftirminnilegir. Þeir eru ofarlega í minningunni bara af því að það var eini staðurinn sem vildi leyfa okkur að spila í byrjun af því að fólk hélt bara að við værum pönkaravitleysingar sem myndu rústa öllu. Þar fengum við hins vegar að blómstra og nostra við þessa senu sem varð til úr hljómsveitunum sem voru þá að byrja.

Fæstir geta lifað á tónlistinni einni saman hérlendis. Hefur þú fulla atvinnu af tónlist?

Já, ég næ kannski rétt svo að lifa á þessu. Það er auðvitað erfitt að vera listamaður á Íslandi í dag og maður þarf að leggja aðeins meira á sig og vera dálítill athafnamanneskja, gera meira og vera duglegri. Þess vegna er ég með puttana í mörgu, kem fram hér og þar með mismunandi hópum og reyni að koma með beikonið heim. Annars er ég lítil efnishyggjumaður þannig að ég þarf ekki mikið af hlutum til að lifa af. Ég sleppi því til dæmis að eiga bíl og vesla mér voða fáa hluti, kaupi bara notuð fót og er ódýr í rekstri. Það gerir mér kleift að vera listamaður í fullu starfi. Auðvitað verð ég samt að viðurkenna að það koma erfiðir mánuðir þar sem það er lítið í gangi og maður þarf að bíta í hnúann en það er bara partur af lífinu, maður tekur því eins og það er.



Þú rakst á sínum tíma „vintage“ fataverslunina Elvis. Hvað kom til að þú fórst út í það?

Mig langaði einfaldlega að fá mér „níu til fimm“-vinnu. Ég var ekki búinn að vinna svoleiðis vinnu í svo mörg ár að mér fannst kominn tími til að laga líkamsklukkuna mína og andlegu hliðina með því að vinna venjulega vinnu og breyta til. Ég ólst upp við það að kaupa mér fót í Spúútník svo þegar Þura í Spúútník ákvað að opna „second hand“-verslun eingöngu handa strákum þá fannst mér tilvalið að ég yrði með henni í því. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á tísku. Það að fylgjast með hvernig einhver klæðir sig getur verið eins og að glugga inn í sál viðkomandi. Ég dæmi fólk ekki eftir því hvernig það klæðir sig, en mér finnst tjáning fólks í gegnum tísku heillandi. Þetta var mjög skemmtilegt tímabil.

Því hefur stundum verið fleygt fram að þú sért kaþólikki. Er það rétt?

Ég er að vissu leyti alinn upp í kaþólskri trú, var í kaþólskum skóla en ég get ekki beint sagt að ég sé kaþólikki sem slíkur en get heldur ekki sagt að ég sé ekki kaþólskur. Ég trúir fyrst og fremst á þetta innra, trú á sólina, jörðina og alla galdrana í sambandi við hana, grasið, trén, dýrin og það er guð fyrir mér. Stundum trúir ég á okkur og ég trúir á karma, mér finnst það skipta miklu máli.

Hvað ber framtíðin í skauti sér? Verður heimsendir í desember 2012?

Í framtíðinni ætla ég að fylgja plötunni Fearless með Legend nokkuð grimmilega eftir og spila mikið fyrir landsmenn auk þess að komast út fyrir landsteinana með þetta verkefni. Ég stefni líka á að gefa út sólóplötu, sinna Mínus og Esju og reyna að halda þessu öllu við, vera upptekinn af sköpun. Ég stefni á það að njóta lífsins, elska ástvini og fjölskyldu og vona að það komi ekki kjarnorkustríð eða heimsendir. Ef það myndi gerast, þá myndi ég samt segja að ég hafi verið svo lánsamur hingað til að ég tæki hamingjusamlega við þeim örlögum.

Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana:

Ég fór til St. Pétursborgar þegar ég kom þar fram með Mínus á rokktonlistarhátíð. Við stoppuðum þarna í viku og það var ótrúlega gaman. Ég hafði komið til Rússlands einu sinni áður en aldrei til þessarar borgar. Maður fær skemmtilegt menningarsjokk við að fara þangað.



Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á:

Frú Berglaugu og fékk mér mjög sérstakan hamburgara sem þau eru með þar, sem er hálfgerður kjötfarshamburgari í brúnni sósu. Hann var mjög góður.



Síðasta bíómynd sem ég horfði á:

Það var sci-fi myndin Trancers frá níunda áratugnum. Hún er algjör költmynd og má segja að hún sé Blade Runner fátæka mannsins.



Síðasti hlutur sem ég keypti:

Svart sárabindi utan um höndina á mér.



Síðasta húsvverk sem ég innti af hendi:

Ég vaskaði upp, eða reyndi það að minnsta kosti. Ég reyni að vera duglegur við húsverkin, það er betra að hafa hreint heima heldur en ekki, en það er búið að vera dálítið erfitt að undanförunu með brotna hönd.



Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann:

Það var í gær. Ég sagði við tvo vini mína sem eru herna í heimsókn frá San Fransisco að mér þætti gífurlega vænt um þá á meðan við vorum að spila pool.



VILTU
VINNA
MIÐA?

SENIOR

PROM

JONAH HILL CHANNING TATUM

21 JUMP STREET

KOMIN Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ

SMS
LEIKUR

9. HVER
VINNUR!
FJÖLDI
AUKAVINNINGA

SENDU SMS SKEYTIÐ **ESL JS**
Á NÚMERIÐ **1900**

OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF VINNINGUM:

BÍÓMIÐAR

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDR - GOS OG FLEIRA!

sená

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

WWW.SENA.IS/21JUMPSTREET

„Ég tvísta til þess að gleyma.“
Með allt á hreinu (1982)



MOGGAKLÚBBUR

MENAM Á SELFOSSI
2 FYRIR 1 Á KOFARÉTTUM
ALLAN APRÍLMÁNUÐ

**Veitingastaðurinn Menam
á 15 ára afmæli í ár.**

Menam býður upp á tælenskan og alþjóðlegan matseðil með hátt í 100 réttum. Áhersla er lögð á ferskt hráefni, notalega þjónustu og aðlaðandi umhverfi.

**Dæmi um kofarétti Menams
- hver réttur er fyrir tvo**

Kofaréttur A

Kjúklingaréttur Pa Nang
Nautakjöt með hvítlauk og engifer
Djúpstektar rækjur

Fullt verð: 5.180 kr.

Moggaklúbbsverð: 2.590 kr.

ATH! Drykkir ekki innifaldir. Fleiri kofaréttir eru í boði.
Skodið matseðilinn á menam.is

Pantanir í síma 482 4099 og tölvupósti:
menam@menam.is

ATH! Munið að framvísa Moggaklúbbskortinu.

Verið velkomin!



MENAM
MATSÖLUSTADUR / GISTIHEIMILI
EYRAVEGI 8 / 800 SELFOSSI

MOGGAKLÚBBURINN

MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR

M

KORTID GILDIR TIL
31. maí 2012

**FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á [MBL.IS/ASKRIFT](http://mbl.is/askrift)
EDA Í SÍMA 569 1122**

Allir fastir áskrifendur Morgunblaðsins eru sjálfkrafa félagar í Moggaklúbbnum og njóta ýmissa friðinda og tilboða. Hægt er að fylgjast með hvað er í boði hverju sinni á mbl.is/moggaklubbunin. Glatist kortið sendu þá póst á askrift@mbl.is.



HVOR ÆTLI SÉ MEÐ STÆRRI
BYSSU, JONAH HILL Eða CHANNING TATUM?

FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

21 Jump Street

Jonah Hill, sem gerði garðinn frægan í myndum á borð við Superbad og Money Ball og Channing Tatum, sem fólk ætti að þekkja úr myndunum Step Up og Dear John, fara hér með hlutverk vinanna Schmidt og Jenko. Þeir hafa fyrir löngu síðan sagt skilið við vandamál unglingsáranna og gengið til liðs við lögregluna. Vegna þess hversu ungir þeir líta út fyrir að vera eru þeir valdir í leynilega sveit sem hefur það hlutverk að senda

Leikstjóri: Phil Lord, Chris Miller.

Aðalhlutverk: Jonah Hill, Channing Tatum & Ice Cube.

Lengd: 109 mínútur.

Aldurstakmark: Bönnuð innan 14 ára.

Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó.

lögreglumenn í dulargervi sem nemendur inn í framhaldsskóla, til að upplýsa þar glæpastarfsemi. Schmidt og Jenko skipta út byssunum fyrir skólatösku og leggja líf sitt í hættu við að rannsaka eiturfjöring í ákveðnum skóla. En þeir komast fljótt að því að skólalífið hefur gjörbreyst síðan að þeir voru sjálfir stúdentar og hvorugur þeirra er undirbúinn undir það að horfast enn á ný í augun við óttann og kvíðann sem fylgir því að vera táníngur.



Monitor ætlar að gefa miða á **21 Jump Street** og **Mirror Mirror**, fylgstu með ...

facebook.com/monitorbladid

**VILTU
VINNA
MIÐA?**



MJALLHVÍTI HEFUR AUGLJÓSLEGA LAUMAD
SÉR Í KLÆÐASKÁP BJARKAR GUÐMUNDS

FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

Mirror Mirror

Ævintýrið um Mjallhvíti og dvergana sjö, stjúpmodurina vondu, aðstoðarfólk hennar og prinsinn sem verður ástfanginn af Mjallhvíti lifnar við í þessari litríku og léttu grínútfærslu leikstjórans Tarsems Singh með Juliu Robert í fantaformi sem vondu drottningin. Þegar drottning ríkisins deyr fær konungurinn sér nýja drottningu sem reynist heldur betur flagð undir fögru skinni, og göldrótt þar að auki. Hún einsetur sér að ná öllum völdum í ríkinu og er á góðri leið með að takast það þegar hún verður yfir sig afbrýðisöm út í

Leikstjóri: Tarsem Singh.

Aðalhlutverk: Lily Collins, Julia Roberts & Armie Hammer.

Lengd: 104 mínútur.

Aldurstakmark: Leyfð öllum.

Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó og Laugarásbíó.

stjúpdóttur sína, Mjallhvíti, sem er ekki bara fallettri en hún heldur líka réttborinn arftaki krúnunnar. Hin illviljaða drottning ákveður því að láta aðstoðarmann sinn fara með Mjallhvíti út í skóg og tryggja að hún eigi ekki afturkvæmt. Það verður Mjallhvíti hins vegar til lífs að vera bjargað af nokkrum dvergum sem kenna henni síðan sitthvað um lífið og tilveruna. En þegar drottningin uppgötvar að Mjallhvít er enn á lífi ákveður hún að grípa til miður skemmtilegra ráða.



**RIHANNA SKÝTUR Á GEIMSKIP
MEÐ VÉLBYSSU Í MYNDINI**

KVIKMYND

Michael Bay-mynd á sterum

Battleship fjallar um hinn unga Alex Hopper (Taylor Kitsch) sem dreginn er inn í sjóherinn af bróður sínum. Tíminn líður og skyndilega er Hopper orðinn hátt settur innan sjóhersins og í þokkabót er hann að fara að giftast dóttur admíralsins (Liam Neeson). Geimverur ráðast á jörðina og úr verður sjóorrusta af dýrari gerðinni. Battleship er alveg svakalega léleg mynd. Hún er í raun eins og einhver myndi henda öllum Transformers-myndunum, Armageddon og Pearl Harbor í einn graut og hræra svo vel saman. Michael Bay kemur reyndar ekkert nálægt þessari mynd en mikið svakalega fann ég fyrir áhrifum hans. Eitt má Battleship þó eiga, flottari tæknibrellur hef ég varla séð. Súpugrauturinn er hins vegar illa skrifaður, illa



leikinn og einfaldlega fáránlegur í alla staði.

Leikarar myndarinnar eru engir stórlaxar. Taylor Kitsch hefur aðallega verið að leika í Friday Night Lights-þáttunum og nú nýlega sást hann í John Carter. Alexander Skarsgård hefur gert garðinn frægan í True Blood-þáttunum og svo kemur Rihanna með sitt framlag. Ekki mikið um hennar frammistöðu að segja nema þegar hún skaut með vélbyssu á geimskip. Góð hugmynd. Í myndinni er hins vegar gamla brýnið Liam Neeson. Hann virðist vera í öllu þessa dagana enda flottur leikari. Neeson fær hins vegar ekki úr miklu að móða enda er handritið algjört aukaatriði í þessu tilfelli. Hans tími fyrir framan myndavélina náði örugglega ekki 10 mínútum. Hér átti greinilega að gera eins mikinn hávaða og sprengja eins mikið og hugsast gat. Ég gekk að lokum út með suð í eyrunum og mikinn hausverk. Svo mikill var hávaðinn. Battleship er klárlega slakasta mynd sem ég hef séð á þessu ári og ég er ekki frá því að hún sé ein sú allra daprasta sem ég hef nokkurn tímann séð.



**TÓMAS
LEIFSSON**

BATTLESHIP



TÖLVULEIKUR



Silent Hill



Tegund:
Hryllingsleikur

PEGI merking: 18+

Útgefandi: Konami

Dómar: Gamespot 7,5 af 10 /
IGN 4,5 af 10 / Eurogamer 6 af 10



Hryllilegur hryllingur

Silent Hill-serían hefur vakið óhug með tölvuleikjaáhugamönnum allt frá árinu 1999 og hafa margir verið með nánast króníska gæsaúð alla tíð síðan. Nýjasti leikur seríunnar gefur orðinu hryllingur nýja merkingu og því miður nokkuð neikvæða. Leikmenn fara hér í hlutverk fangans Murphy Pendleton, en í upphafi leiksins er verið að flytja kappann á milli staða og vill ekki betur til en svo að fangabíllinn hrynur út af veginum, Murphy sleppur út og festist í hinum dularfulla bæ Silent Hill. Þar þarf okkar maður að reyna að draga fram lífið með því að berjast við illvíg kvikindi, leysa þrautir og tækla það dularfullar aðstæður að Mulder og Scully ættu ekki breik. Þetta er allt gott og blessað, en þegar kemur að spilun leiksins fara veikleikarnir að skína í gegn. Stór hluti í spiluninni eru bardagar og eru þeir frekar klaufalegir svo vægt sé til orða tekið. Að sveifla kylfum og öðrum barefins er mjög svífaseint og líður manni oft eins og fil í postulínsverslun. Þrautir leiksins eru yfirleitt mjög vel útfærðar og er það vel og í raun það sem

stendur upp úr í spiluninni. Graffik leiksins á ágætis spretti, en oftar en ekki er hún einsleit og óspennandi. Ofan á það leggst að tæknilega er graffikvinnslan ekki alltaf að virka, en leikurinn á það til að hiksta og haga sér undarlega. Hljóð leiksins eru ágætlega unnin og halda stemmingunni vel við, það sama á við um tónlistina sem er vel fram reidd, en hljóðmenn leiksins eru samt ekkert að fara að vinna Músíktílaunir. Það svekkir svona gamalt nörd eins og mig að leikur eins og Silent Hill hafi þynnst svona út með árunum, en fyrstu leikina spilaði maður með bleyjupakka við hönd, en nú hreyfa þeir varla púls. Ég get aðeins mælt með þessum leik við allra hörðustu Silent Hill-aðdáendur, en aðrir ættu að finna sér eitthvað annað til að hræða úr sér líftórana.



**ÓLAFUR ÞÓR
JÓELSSON**



RUN, MURPHY, RUN!



Eurovision pub-quiz í kvöld

Eins og alþjóð veit líður senn að Eurovision-tímabilinu svokallaða. Söngvakeppni evrópskra sjónvarpstöðva verður haldin í Baku, höfuðstað Aserbaídsjan, í síðari hluta má næstkomandi.

Af því tilefni stendur FÁSES, Félag áhugamanna um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpstöðva, fyrir sérstakri Eurovision-spurningakeppni á Hressó í kvöld. Spurningakeppnin verður með sniði pöbbspurningakeppna, eða „pub-quiz“, sem sífellt verður vinsældara á öldurhúsum Reykjavíkur. Keppnin hefst kl. 20:30 og verður Eurovision-spekúlantinn Reynir Þór Eggertsson FÁSES innan handar.

Monitor hvetur lesendur til að mæta á enda sterkur leikur fyrir Eurovision-teitin að sanka að sér fróðleik um keppnina.

NOMA

MULTIMEDIA DESIGNER
Web Development
Digital Design
Animation, video & 3D
Management & Marketing



Skráðu þig inná
www.noma.nu



Kynningafundur 24. apríl

Hagatorgi, 107 Reykjavík á
Radisson Blu Hótel Saga
NOMA kl. 16:30
IBA kl. 17:30

Nordic Multimedia Academy, Skovvangen 28,
6000 Kolding, Denmark, tel. +45 79320200, www.noma.nu

IBA

MARKETING MANAGEMENT
FINANCIAL MANAGEMENT
E-DESIGNER (Entrepreneurship)
PROFESSIONAL BACHELOR
- IN INTERNATIONAL SALES & MARKETING MANAGEMENT




Skráðu þig með því
að skanna kóðann
eða hjá dhjo@iba.dk



Skólarnir eru staðsettir í Kolding, Danmörku
Námin eru lánshæf hjá LÍN.
Engin skólagjöld.
Öll kennsla fer fram á ensku.
Önnin byrjar 3. september 2012.

Skamlingvejen 32 DK 6000 Tel.: +45 7224 1800 iba@iba.dk
www.iba.dk [facebook.com/InternationalBusinessAcademy](https://www.facebook.com/InternationalBusinessAcademy)



HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Auðunn Blöndal.
 Á forsiðu: 31. mars 2011.
 Fyrirsögn viðtals: Alltaf verið mömmustrákur.

Heyróu, kallinn er svona fitlandi finn að vanda! Síðan ég var á forsiðu Monitor hef ég fært mig úr sjónvarpinu, þar sem ég var í Auða og Sveppa á Stöð 2, yfir í útvarpið, þar sem ég stjórna þættinum FM95BLÓ á Fm957 ásamt góðum mönnum og fæ reglulega góða gesti til mín. Svo erum við að leggja af stað í tókur á Evrópska draumnum sem er virkilega skemmtilegt og spennandi verkefni. Við strákarnir leggjum í hann núna á mánudaginn næstkomandi og verður þátturinn sýndur á Stöð 2 í sumar.



LOL-MAIL MONITOR

17. apríl 2012 16:31
 til: Hjalti Arnason

Sæll sterki

Í síðasta blaði var skorað á Úrsusinn að deila með okkur brandara í Monitor. Er það ekki eitthvað sem þú hristir fram úr erminni? Þú kastar svo boltanum áfram á einhvern sniðugan.

Bestu kveðjur, Hilmar

Ég er nú kannski ekki mesti brandarakallinn en ég ætla að láta sanna sögu fylgja sem mér þótti myndin.

Þetta var á keppninni Sterkasti maður allra tíma 1987, og í fyrsta skipti sem Jón Páll og ég hittum Bill Kazmier, Kaz kemur inn í matsalinn og sér að við Jón Páll vorum að borða ís, hann leit á okkur og hafði á orði að við gætum verið sterkir en við vissum ekkert um næringarfræði. Daginn eftir vann Jón Páll hann í öllum keppnisgreinum og þegar við komum í matsalinn á hótelinu þá var Kaz að hakka í sig ís.....

Ég skora á Auðun Jónsson í næsta blað. Kv. Hjalti

LOKAPRÓFIÐ

19. apríl 2012 | MONITOR skólinn

Ég heiti Matthías Vilhjálmsson

Ef ég væri ekki Matthías Vilhjálmsson myndi ég helst vilja vera:

Þú veist hver ég er af því að ég var hluti af besta liði 21. ára hugarins sem hefur verið í Top 2 9 ár í vöðuból. Ég hef spilað 137 leiki fyrir FH í deild og bikar og skorað í þeim 45 mörk og þar af skoraði ég 1 mörk sem hægrri bakvörður. Ég hef spilað 9 U21-landsleiki og 9 A-landsleiki og stefni á að spila í 10 ár í atvinnumenntaku.



- a) Matthías Jochumsson, skáld
- b) Matthías Matthíasson, söngvari
- c) Matthías Guðmundsson, knattspyrnumaður
- d) Vilhjálmur Vilhjálmsson, söngvari
- e) _____



af því að loesti söngvari Íslands söguvinar

Ummanstán féll fyrir mér af því að

- a) ég smelti ís í smettið á henni á fyrsta stefnumótinu.
- b) ég er með svadalegasta þrottaþretti í sögu þrottaþretta á Íslandi.
- c) hún hefur alltaf verið hrifin af Ísfróðingum.
- d) hún sá að ég yrði góður faðir.

Uppáhaldslagið mitt með Red Hot Chili Peppers er:

- a) Californication
- b) Venice Queen
- c) Under the Bridge
- d) Can't Stop
- e) _____

og ég myndi hyða til Ísafarðar frá RVK til að fá að hanga með þeim í viku eða svo.

Uppáhaldsmyndin mín er án efa Dumb and Dumber og þar held ég mest upp á linuna

- a) „Killer boots, man.“
- b) „No, it's a cardigan but thanks for noticing.“
- c) „I desperately want to make love to a school boy.“
- d) „So you're telling me there's a chance.“
- e) „Who needs a radio?“

Síðasta sms sem ég fékk var frá leardo og í því stóð: Sbl og 100 á Íslandshina



Ef ég meitti gera Facebook-status sem allur heimurinn sá myndi ég skrifa Mangeskja sem lifir í 90 ár séfyrir að meðalhl. í 30 ár ef hún setur þá á sálarhveng. Sofið minna virir!

Ég tók teningakastfagnid í Frosta-skjoli 2009 af því að ég var

- a) nýbúinn að sjá Knocked Up
- b) alltaf að spila Backgammon við Tlyggva Guðmundsson
- c) að styðja Amar og Bjarka í baráttu þeirra fyrir opnum spilavitis á Íslandi
- en uppáhaldsmarkid sem ég hef skorað er fyrsta markid með MFL FH í Krikanum með hjólkrest



Besti herbergisfélaginn/sambýlingurinn á ferlinum er án efa

- a) Hjörtur Logi Valgarðsson
- b) Róbert Örn Óskarsson
- c) Gunnar Krístjánsson
- d) Guðnleifur Guðn.

af því ad hann splesir fast Mini-karim

Það besta sem ég fæ er:

- a) ís með djöfu
- b) vaffla með sultu og rjóma
- c) harðfiskur
- d) Lambaleið hjá minni en það dýrmetasta sem ég á er Strakurinn minni, Viki

Besta stundin á ferlinum var þegar ég

- a) fiskaði víti í minnum fyrsta leik í úrvalsdeild á móti Fram 2005.
- b) skoraði tvö mörk í bikarúrslitunum 2010 og lyfti bikarum í kjölfarið.
- c) þegar ég skoraði tvö mörk í fyrstu umferðinni í norska boltanum um daginn.
- d) Íslandsmtitillinn 2008 mesta come back ísl. knattsp. Eiginhandarúrslitunin mín lítur svona út:

Matthi #18

SÍÐAST EN EKKI SÍST

► Ólafur Hrafn Björnsson, landsliðsmaður í íshokki, filar:

KVIKMYND: Ég hef ekki horft á mynd án þess að sofna yfir henni síðan ég var lítill gutti. Síðasta mynd sem ég náði að sjá til enda var örugglega Waterworld á VHS. Annars minnir mig að Shawshank og Gladiator hafi báðar byrjað nokkuð vel.



ÞÁTTUR: Þáttaraðir eru mín sterka hlið þar sem ég tóri oftast í heilan þátt. Horfði held ég á hátt í 15 mismunandi þáttaraðir á meðan ég var að spila í Svíþjóð en Parks and Recreation stendur upp úr. Alvöru fundið annað en „awesome wait for me dairy“-ruslið þarna.


BÓK: Palli var einn í heiminum. Hef aldrei fundið neitt sem jafnast á við þessa átakanlegu sögu.



PLATA: Erfitt að nefna eitthvað ákveðið en núna er það til dæmis Rip Tide með Beirut og The Art of Storytelling með The Ruler, Slick Rick.

VEFSÍÐA: Netúrúturinn er eiginlega bara nhl.com og reddit. Þessa dagana bættist þó við mbl.is/ishokki auðvitað. Svo fer ég stundum á instantrimshot.com ef einhver segir eitthvað myndi.


STAÐUR: Hef komist að því undanfarna mótisdaga að X-Box mekkan í herberginu mínu á Hilton er uppáhaldsstaðurinn minn. Hérna eyði ég öllum frítíma mínum með herbergisfélaga mínum „teddy“-Birni sem er vel á minnst lélegri en ég í NHL12.



VEL GERT

Gísli Rafn Guðmundsson

Ég er búin að hugsa mikið út í það hverjum ég ætti að hrósa og vil endilega hrósa Gísli Rafni Guðmundssyni, bróður mínum fyrir 2. sæti á Skíðalandsmóti Íslands og fyrir það að vera góð fyrirmynd. Ég leit alltaf rosa mikið upp til hans og hann er búinn að hjálpa mér ótrúlega í gegnum síðustu mánuði.



Fanney Þorbjörg



IMMO

ÉG HEF ALDREI

...gefið út tónlistarmyndband með Original Melody. 6, 8, 12.

...reykt sígarettu. 7, 9, 13. Hef aldrei skilið þann sið.

...misst af Brjáni Breka á fimmtudögum. 7, 9, 13. Algjör meistari sá maður.

...tekið mér efsta Monitor-blaðið í bunkanum til lesturs. 7, 9, 13. Mér finnst eitthvað ógeðslegt við það.

...litað á mér hárið. Það eru aðeins örfáar manneskjur í heiminum sem fá þann heiður að fæðast með gullkamb. 7, 9, 13.

...tapað glímubardaga gegn jafnaldra. 7, 9, 13.

...séð Messi skora af 30 metrunum. Prumpublaðran kann bara að sóla. 7, 9, 13.

...tapað „hver klikkar oftast á texta“-keppninni í Original Melody þegar við komum fram. 7, 9, 13!

- 1
- 2
- 3
- 4
- 5
- 6
- 7
- 8



Á MORGUN KL. 21.15 Á SKJÁEINUM!

Hver kemst áfram í úrslitabáttinn?
Hringdu núna í **595 6000** og við opnum strax



ANÍTA DÓRSDÓTTIR
REYKJAVÍK



RUBÍN POLLOCK
REYKJAVÍK



ÍRIS ANDRÉSDÓTTIR
KÓPAVOGI



SVANA + ÍSOLD
REYKJAVÍK



MARGRÉT SAGA
AKRANESI



MR. NORRINGTON
REYKJAVÍK



ARNAR ÓRRI ARNARSSON
REYKJAVÍK



MARLÓN POLLOCK
REYKJAVÍK



EYRÚN EDVALDSDÓTTIR
KÓPAVOGI



SWAGGERIFIC
REYKJAVÍK OG KÓPAVOGUR



INGIBJÖRG ÍÐA
GARDABÆ



STEFÁN V. GUÐJÓNSSON
KJALARNESI



ARON BIRGIR ÓSKARSSON
DALVÍK



MEISTARAR DAÐANS
REYKJAVÍK OG KÓPAVOGUR




BJARNI ÁRNASON
REYKJAVÍK



GUÐMUNDUR GARDAR
MOSFELLSBÆ




EYÞÓR ÓLAFSSON
REYKJAVÍK




SKJÁREINN



VIKTORÍA RÚN
VESTMANNAEYJUM

 Skoðaðu myndir af keppendum inn á facebook síðu keppinnar

 #hkeppni



Brynjólfur Viðir Ólafsson

- Dúx frá FG 2005
- BSc í rekstrarverkfræði frá HR árið 2011
- Verkefnastjóri grunnnáms í verkfræði, tækni- og verkfræðideild HR
- Áhugamál: Rússlanar og ferðalög

Páll Jensson

- Prófessor í rekstrarverkfræði og sviðsstjóri á fjármála- og rekstrarverkfræðisviði tækni- og verkfræðideildar HR
- Doktor í aðgerðarannsóknum frá Danmarks Teknische Højskole
- Sérsvið: rekstrarverkfræði og aðgerðarannsóknir

Velkomin í HR

Viltu skemmtilegt og spennandi nám? Viltu mæta sterkari út á vinnumarkaðinn? Viltu vinna með frábærum kennurum og taka þátt í öflugri rannsóknar- og nýsköpunarstarfi? Háskólinn í Reykjavík er framsækinn, alþjóðlegur háskóli með ótvíræða forystu í tækni- greinum, viðskiptum og lögum – lykilgreininum fyrir öflugt atvinnulíf.

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 5. JÚNÍ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

www.hr.is